



Ársskýrsla

2017-2018



Gull liðið frá EM Smáþjóða í Luxemborg 2017



Efnisyfirlit

Stjórn BLÍ	3
Nefndir BLÍ.....	4
Fjöldi blakiðkenda frá 1969 og fulltrúar á blakþingi árið 2017	5
Skýrsla stjórnar BLÍ 2017-2018.....	7
Stjórn og framkvæmdastjórn	7
Móta- og dómaramál	7
Fjölmiðlar og samskipti	8
Blakfólk ársins.....	8
Erlend samskipti	8
Fjármál.....	8
Framtíðin	8
Skýrsla mótanefndar BLÍ.....	9
Skýrsla yngriflokka nefndar BLÍ	9
Skýrsla strandblaknefndar.....	10
Skýrsla landsliðsnefndar.....	15
Skýrsla dómaranefndar BLÍ	21
Skýrsla framkvæmdarnefndar úrslita EM Smáþjóða 12.-14. maí 2017	22
Ársreikningur 2017	23
Viðaukar	34

Blaksamband Íslands

2017-2018

Stjórn BLÍ

Formaður	Jason Ívarsson
Varaformaður	Stefán Jóhannesson
Gjaldkeri	Árni Jón Eggertsson
Ritari	Kristín Harpa Hálfðánardóttir
Meðstjórnandi	Andri Hnikarr Jónsson
Varastjórn	Sigurbjörn Árni Arngrímsson Svandís Þorsteinsdóttir Steinn Einarsson
Framkvæmdastjóri	Sævar Már Guðmundsson
Verkefnastjóri	Andri Hnikarr Jónsson

Nefndir BLÍ

Mótanefnd

Sigurbjörn Árni Arngrímsson
Steinn Einarsson
Una Jónatansdóttir
Hlöðver Hlöðversson

Landsliðsnefnd

Stefán Jóhannesson
Þórey Haraldsdóttir
Mundína Ásdís Kristinsdóttir
Ásta Sigrún Gylfadóttir
Guðrún Kristín Einarsdóttir

Dómaranefnd

Leifur Harðarson
Jón Ólafur Valdimarsson
Sævar Már Guðmundsson
Kristján Geir Guðmundsson

Yngriflokkanefnd

Guðrún Kristín Einarsdóttir
Halldór Elvarsson
Friðrika Marteinsdóttir
Sigríður Þórarinsdóttir
Harpa Grímsdóttir
Hrafnhildur Brynjólfsson

Aganefnd

Hreggviður Norðdahl
Jón Gunnar Sveinsson
Þorvaldur Sigurðsson

Strandblaknefnd frá sept 2017

Guðmundur Hauksson, formaður
Sigríður Pálsdóttir
Sigurður Garðar Barðason
Sandra B. Magnúsdóttir
Arnar Már Sigurðsson

Skoðunarmenn reikninga

Davíð Búi Halldórsson
Hjörtur Halldórsson

Fjölmiðlafulltrúar

Stefán Jóhannesson
Sævar Már Guðmundsson

Fjöldi blakiðkenda frá 1969 og fulltrúar á blakþingi árið 2017

ár	fjöldi	ár	fjöldi	ár	fjöldi	ár	fjöldi
1969	206	1982	2519	1995	1961	2008	2076
1970	237	1983	2426	1996	1592	2009	2005
1971	479	1984	2362	1997	1592	2010	2013
1972	649	1985	2362	1998	1217	2011	2316
1973	855	1986	2775	1999	1662	2012	2337
1974	1334	1987	2955	2000	1862	2013	2785
1975	1609	1988	2906	2001	1345	2014	2987
1976	1974	1989	2869	2002	1786	2015	3149
1977	2257	1990	2718	2003	1981	2016	3323
1978	2501	1991	2567	2004	1830	2017	3193
1979	2567	1992	2200	2005	1624		
1980	2579	1993	2074	2006	1827		
1981	2513	1994	1848	2007	1918		

Árþing BLÍ 4. mars 2018

Íþróttabandalag / Héraðssamband	Fjöldi				
	Merk i	iðkend a	Fulltrúar á þingi	Fulltr.v/lið a	Fulltr.v/stjórn a
Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu	HSH	197	4		1
Héraðssambandið Skarphéðinn	HSK	199	5		1
Héraðssamband Vestfirðinga	HSV	167	4		1
Héraðssamband Þingeyinga	HSP	199	8	1	1
Íþróttabandalag Akraness	ÍA	28	1		1
Íþróttabandalag Akureyrar	IBA	252	3	2	1
Íþróttabandalag Hafnarfjarðar	IBH	81	1		1
Íþróttabandalag Reykjavíkur	IBR	213	6	1	1
Íþróttabandalag Vestmannaeyja	IBV	16	1		1
Íþróttabandalag Reykjanesbæjar	IRB	29	1		1
Íþróttabandalag Suðurnesja	ÍS	9	1		1
Ungmennna og íþróttasamband Austurlands	ÚÍA	294	6	2	1
Ungmennna og íþróttasamband Fjallabyggðar	UÍF UMS	89	1		1
Ungmennasamband Borgarfjarðar	B UMS	15	2		1
Ungmennasamband Eyjafjarðar	E UMS	107	5		1
Ungmennasamband Kjalarnesþings	K UMS	1101	9	6	1
Ungmennasamband Skagafjarðar	S	19	1		1
Ungmennasambandið Úlfliótur	USÚ USV	163	2		1
Ungmennasamband V-Húnavetninga	H	15	1		1
Samtals		3193	62	12	19

19 sambandsaðilar með þingfulltrúa
úr 56 félögum víðsvegar um landið

Samtals fulltrúar 93

Dagskrá

46. ársþing BLÍ, haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal í Reykjavík, sunnudaginn 4. mars 2018, kl. 09.00

1. Þingsetning, kosning þingforseta og ritara
2. Kosning í starfsnefndir þingsins;
 - a) Kjörbréfanefnd
 - b) Fjárhagsnefnd,
 - c) Laganefnd,
 - d) Allsherjarnefnd,
3. Skýrsla stjórnar
4. Reikningar síðasta starfsárs
5. Ávarp fulltrúa ÍSÍ
6. Ávarp annarra boðsgesta
7. Fjárhagsáætlun næsta starfsárs
8. Laga- og leikreglnabreytingar
9. Aðrar tillögur og mál lögð fyrir þingið
10. Umræður um framkomin mál og tillögur

Þinghlé

11. Nefndarstörf
12. Nefndarálit, tillögur og atkvæðagreiðslur
13. Ákveðið gjald ævifélaga
14. Önnur mál
15. Kosningar;
 - a) tveggja meðstjórnenda til tveggja ára,
 - b) þriggja í varastjórn til eins árs,
 - c) tveggja skoðunarmanna reikninga

Þingslit

Skýrsla stjórnar BLÍ 2017-2018

Stjórn og framkvæmdastjórn

Á 45. ársþingi BLÍ var Jason Ívarsson endurkjörinn formaður BLÍ til tveggja ára. Þá voru Árni Jón Eggertsson og Andri Hnikarr Jónsson kjörnir í stjórn sambandsins til tveggja ára. Fyrir í stjórn voru þau Kristín Harpa Hálfðánardóttir og Stefán Jóhannesson. Í varastjórn voru kosin Sigurbjörn Árni Arngrímsson, Svandís Þorsteinsdóttir og Steinn Einarsson.

Stjórnin skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt: Varaformaður, Stefán Jóhannesson, gjaldkeri Árni Jón Eggertsson, ritari Kristín Harpa Hálfðánardóttir og meðstjórnandi Andri Hnikarr Jónsson.

Sævar Már Guðmundsson var áfram framkvæmdastjóri sambandsins í fullu starfi og í haust var ráðinn inn verkefnastjóri á skrifstofu BLÍ í hlutastarf. Ráðist var svo í samstarfsverkefni með UMSK og starfshlutfall verkefnastjóra aukið í 100% í lok nóvember. Andri Hnikarr Jónsson er nú verkefnastjóri hjá BLÍ og stöðugildin því orðin tvö hjá sambandinu.

Stjórnin hélt 12 bókaða fundi á starfsárinu. Þess á milli höfðu stjórnarmenn töluverð samskipti með tölvubréfum og símtölum.

Móta- og dómaramál

Íslandsmótið sem nú er í gangi er umfangsmikið að venju. Leikið er í fjórum deildum karla og 7 deildum kvenna. Alls eru 95 lið í Íslandsmóti BLÍ á þessu leiktímabili.

Úrvalsdeildir karla og kvenna heita Mizunodeildirnar í blaki fjórða árið í röð en samningar um áframhald samstarfsins náðust á haustmánuðum. Í karladeildinni leika 5 lið og 7 í kvennadeildinni. Öll liðin í hvorri deild leika í úrslitakeppni um Íslandsmeistaratitil þar sem það þarf að vinna tvo leiki í umspilsleikjum og vinna svo þrjá leiki í undanúrslitum og úrslitunum.

Fyrir deildakeppnina var spilað um meistara meistaranna 2017 þar sem Íslandsmeistarar mæta bikarmeisturum. Leikið var í fyrsta sinn opinberan leik í Reykjanesbæ og blakdeild Keflavíkur fengin til að sjá um þessa leiki. Þá var einnig gert samkomulag við Sporttv um sýningu á leikjum þennan vetur. HK varð meistari meistaranna í karlaflokki eftir leik gegn Aftureldingu en Afturelding vann titilinn í kvennaflokki.

Í fyrsta sinn hefur verið hægt að horfa á deildakeppnina í blaki í beinni útsendingu í sjónvarpi. Samkomulag var gert við Sporttv um að stöðin myndi sýna frá einum leik í hverri viku í vetur og svo alla leiki í úrslitakeppninni. Vel hefur gengið að skipuleggja þetta sem þó er aðeins gert með einni myndavél. Til stendur að fjölga myndavélum í úrslitakeppninni og hafa framleiðsluna á efninu betri.

Rafræn leikskýrsla var tekin upp í neðri deildum síðastliðið haust og var það enn eitt framfaraskrefið í þá leið að nútímavæða blakið á Íslandi. Um byltingu er að ræða um framsetningu úrslita úr leikjum þar sem notandi internetsins getur fylgst með leik í beinni útsendingu og hverjir skora stigin. Tölfræði leikmanna í 1. deild og neðar er þó ekki sett fram í vetur. Vel hefur gengið að setja þetta inn í neðri deildirnar.

Verðlaun fyrir Mizunolið fyrri hlutans voru afhent á blaðamannafundi í desember um leið og blakfólki ársins voru afhent sín verðlaun.

Samstarfið við Kjörís vegna Bikarkeppni BLÍ gengur vel. Keppnin heitir Kjörísbikarinn en úrslitahelgin verður í Digranesi dagana 10. og 11. mars. Þar keppa fjögur lið í undanúrslitum á laugardegi og úrslitin fóru fram á sunnudegi. RÚV sýnir báða úrslitaleikina í beinni útsendingu en undanúrslitaleikirnir verða á Sporttv.

Dómurum fjölgaði nokkuð á keppnistímabilinu og því gekk betur en oft áður að fá dómara til starfa. Það er samt töluvert langt í land að fjöldi dómara sé nægjanlegur. Þar verða félögin að senda fleiri þátttakendur á þau dómaramámskeið sem eru í boði.

Alþjóðlegir dómamar BLÍ fengu að venju fjölmörg verkefni á starfsárinu. Sævar dæmdi í úrslitum EM Smáþjóða í maí sem haldið var í Reykjavík og í Luxemborg í júní. Fór Sævar jafnframt á Smáþjóðaleikana í San Marino í byrjun júní. Bæði Sævar og Jón Ólafur hafa dæmt í Evrópukeppni félagsliða í vetur og fóru þeir á sitthvort NEVZA mót unglinga í október.

Fjölmiðlar og samskipti

Umfjöllun um blak í fjölmiðlun hefur verið mun meiri yfir keppnistímabilið í ljósi þess að nú er sýndur 1 leikur á viku í beinni í sjónvarpi. Blakfréttamiðillinn blakfrettir.is, hefur gjörbreytt fjölmiðlaumfjöllun um blak en þar er hægt að lesa ýmislegt um það sem gerist hér heima og erlendis. Aðstandendur Blakfrétta koma allir úr blakhreyfingunni og eiga hrós skilið fyrir vefinn sem er glæsilegur í alla staði.

Félögin eru mörg hver farin að vera með beinar útsendingar frá sínum heimaleikjum í gegnum Fésbókina eða aðra miðla. Það er mjög jákvæð þróun og virðist það vera einfalt að koma leikjum út í beina útsendingu á netinu.

Heimasíða sambandsins er upplýsingasíða sem allir geta leitað. Ekki má líta á heimasíðuna sem fjölmiðil en inn á hana fara þó allar helstu tilkynningar sem sambandið þarf að koma frá sér.

Samskipti við fjölmiðla hafa helst verið í gegnum heimasíðu BLÍ eða með tölvubréfum. Auka þarf samskipti við fjölmiðla beint til þess að auka umfjöllun um íþróttina.

Blakfólk ársins

Kristján Valdimarsson og Thelma Dögg Grétarsdóttir voru blakfólk ársins 2017. Á árinu unnu þau bæði til fjölmargra verðlauna og bar þar hæst þátttaka þeirra í landsliðinum, en bæði landsliðin stigu stór skref í sögu sambandsins þegar þau tóku þátt í 2. umferð undankeppni fyrir HM. Frækin sigur kvennalandsliðsins í EM Smáþjóða og 3. sæti karlaliðsins í sömu keppni standa upp úr í landsliðsstarfinu.

Erlend samskipti

Formaður BLÍ fór á ársþing CEV í september sem haldið var í Póllandi en þar sótt hann einnig fundi NEVZA og SCD. Þá var haldinn stjórnarfundur SCD í Reykjavík um miðjan október en Guðmundur Helgi Þorsteinsson var kosinn nýr inn í þá stjórn á þinginu í september.

Fjármál

Velta sambandsins jókst milli ára og var rúmlega 67 milljónir árið 2017. Ekki var tap á rekstri sambandsins þrátt fyrir aukin umsvif. Nánari upplýsingar eru í ársreikningi fyrir árið 2017 í ársskýrslunni.

Framtíðin

Blakíþróttin er í hægum en öruggum vexti og hefur verið svo mörg undanfarin ár. Vöxtur íþróttarinnar byggist að sjálfsögðu á því að fá unga iðkendur til liðs við hana. Í ljósi þess hefur stjórn BLÍ ásamt landsliðsnefnd fjölgað yngri landsliðunum og verkefnum fyrir þau.

Búið er að bæta við starfsmanni á skrifstofuna sem hjálpar okkur að dafna enn frekar í uppbyggingunni.

Það er ljóst að með tilkomu innheimtu á iðkendagjaldi hefur verið hægt að bæta þjónustuna og reksturinn verið þægilegri. Betur má gera í ýmsu en allt tekur tíma og er næsta skref að taka heimasíðu sambandsins í gegn og gera hana aðgengilegri.

Stjórn Blaksambands Íslands þakkar stuðningsaðilum og öllum þeim sem störfuðu í þágu hreyfingarinnar á síðasta starfsári fyrir gott samstarf og hvetur til áframhaldandi vinnu á þeirri braut.

Stjórn Blaksambands Íslands

Skýrsla mótanefndar BLÍ

Fyrir keppnistímabilið 2017-2018 var Sigurbjörn Árni Arngrímsson skipaður formaður mótanefndar BLÍ og með honum í nefndinni voru Una Kristjana Jónatansdóttir, Steinn Einarsson og Hlöðver Hlöðversson. Andri Hnikarr Jónsson var starfsmaður nefndarinnar og titlaður mótastjóri BLÍ.

Rafvæðing framsetningu úrslita í blaki er nú komin vel á veg. Í fyrsta sinn var rafræn leikskýrsla notuð í öllum deildum deildakeppninnar og bikarkeppni BLÍ. Sú innleiðing hefur tekist vel og er næsta skref að setja tölfræði á næst efstu deild.

Leiktímabilinu er ekki lokið en allar upplýsingar um mótamál má finna á heimasíðu BLÍ.

Mótanefnd BLÍ

Skýrsla yngriflokka nefndar BLÍ

Í nefndinni starfsárið 2017-2018 störfuðu:

Guðrún Kristín Einarsdóttir, Aftureldingu, formaður.
 Friðrika Marteinsdóttir, KA
 Sigga Þrúða Þórarinsdóttir Þrótti Nes
 Halldór Elvarsson, HK
 Hrafnhildur Brynjólfsson, Þrótti R
 Harpa Grímsdóttir, Vestra

Í vetur hafa verið Íslandsmót haldin í yngriflokkum eins og áður. Þó hefur verið farin sú leið með 2. flokkinn að spila leiki heima og heiman. Hefur það gefist vel þegar leikir geta farið fram en skipulagning leikjanna hefur verið þrautin þyngr vegna annarra viðburða.

Bikarkeppni Yngriflokka hefur fengið upplýftingu þar sem leikið er í 2. flokki, 3. flokki og 4. flokki. Leikið var til sigurs í 2. flokki í Mosfellsbænum í byrjun febrúar en úrslitaleikirnir í 3. flokki og 4. flokki drengja og stúlkna verða sömu helgi og úrslitaleikirnir í Kjörísbikarnum í sömu umgjörð og í meistaraflokknum.

Leiktímabilinu er þó ekki lokið en upplýsingar um umfangið má finna á www.krakkablak.bli.is og á www.blak.is.

Yngriflokkaneftnd BLÍ

Skýrsla strandblaknefndar

Eftir síðasta ársþing BLÍ sagði nefndin af sér. Engin nefnd var starfandi fram að hausti þegar nokkur tóku sig saman og mynduðu nefndina. Stjórn BLÍ hafði yfirumsjón með málaflokknum á meðan en mótshaldarar voru ákveðnir í febrúar.

Áður en að sumrinu kom var ákveðið að landsliðin í strandblaki færu á Smáþjóðaleikana í San Marino. Voru þau Borja Gonzalez Vicente og Ana Maria Vidal Bouza fengin til þess að stjórna þessum landsliðum og var þeim gefinn laus taumur til að finna leikmenn. Að lokum voru það Matthildur Einarsdóttir og Heiða Elísabet Gunnarsdóttir sem fóru og kepptu í kvennaflokki en í karlaflokki voru það Valgeir Valgeirsson og Benedikt Rúnar Valtýsson.

Öll sex fóru þau til Barcelona í æfingamót helgina fyrir Smáþjóðaleikana í San Marino. Á leikunum sjálfum gekk liðunum brösulega en var undirbúningur mjög lítill og hitinn óbærilegur í San Marino. Karlaliðið vann ekki leik og endaði í 5. sæti síns riðils og komst ekki áfram í umspilið. Kvennaliðið vann ekki heldur leik og endaði í neðsta sæti af 6 liðum.

Mót sumarsins

Fimm stigamót voru á dagskrá sumarið 2017 en að auki var Íslandsmótinu í ágúst. Uppgangurinn heldur áfram og strax í fyrsta stigamóti voru 42 lið skráð til leiks í Laugardalnum. Frábær þátttaka var á öllum mótum sumarsins en stigamót 2 var í Kjarnaskógi við Akureyri og það þriðja á Þingeyri. Stigamót fjögur var haldið í Hveragerði en það fimmta fór einnig fram á Akureyri um Versló. Íslandsmótið í strandblaki var svo haldið í Laugardalnum um miðjan ágúst.

Úrslitin úr stigamótum sumarsins má finna á heimasíðu BLÍ, www.bli.is/strandblak

Íslandsmótið í Strandblaki 2017

Lokamót sumarsins, sjálft Íslandsmótið, fór fram dagana 11.-13. ágúst. Alls voru 40 lið sem tóku þátt í bæði kvenna og karladeildum. Keppni var mjög hörð þrátt fyrir fádæma leikgleði hjá öllum þátttakendum.

Íslandsmeistarar í karlaflokki voru Janis Novikovs og Austris Bukovskis. Í 2. sæti enduðu Karl Sigurðsson og Theódór Óskar Þorvaldsson og í 3. sæti Eric Matthew Meyer og Benedikt Baldur Tryggvason.

Íslandsmeistarar í kvennaflokki voru þær Elísabet og Matthildur Einarsdætur. Í 2. sæti voru það Ásthildur Gunnarsdóttir og Fjóra Rut Svavarsdóttir og í þriðja sætinu Hólmfríður Indriðadóttir og Sladjana Smiljanic.

Alls tóku 179 keppendur þátt í stigamótaröðinni og úrslit urðu sem hér segir:

Stigameistarar í strandblaki fullorðinna 2017

Karlar – Janis Novikovs

Konur – Hólmfríður Indriðadóttir

Úrslit Íslandsmóts Unglinga í Strandblaki 2016

Lokamót sumarsins hjá unglingum, sjálft Íslandsmótið, fór fram dagana 25.-27. ágúst

U-19 stúlkur

1. Eldey Hrafnisdóttir og Elísabet Nhien Yen Huynh
2. Elísabet Einarsdóttir og Helena Einarsdóttir
3. Tinna Sif Arnarsdóttir og Dana Gunnarsdóttir

U17 stúlkur

1. Eldey Hrafnisdóttir og Elísabet Nhien Yen Huynh
2. Sara Ósk Stefánsdóttir og Líney Inga Guðmundsdóttir
3. Hekla Hrafnisdóttir og Katla Hrafnisdóttir

U-15 stúlkur

1. Hekla Hrafnisdóttir og Katla Hrafnisdóttir
2. Daníela Grétarsdóttir og Arna Sólrún Heimisdóttir
3. Sara Ósk Stefánsdóttir og Líney Inga Guðmundsdóttir

Stigameistarar í strandblaki unglinga 2017

U-19 stúlkur – Eldey Hrafnisdóttir og Elísabet Nhien Yen Huynh

U-17 stúlkur – Eldey Hrafnisdóttir og Elísabet Nhien Yen Huynh

U-15 stúlkur - Hekla Hrafnisdóttir og Katla Hrafnisdóttir

Íslandsmeistarar frá upphafi strandblaks á Íslandi

Í karlaflokki:

- 2004 – Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson
- 2005 – Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson
- 2006 – Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson
- 2007 – Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson
- 2008 – Brynjar Pétursson og Michael Overhage
- 2009 – Emil Gunnarsson og Karl Sigurðsson
- 2010 – Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson
- 2011 – Emil Gunnarsson og Eiríkur R Eiríksson
- 2012 – Emil Gunnarsson og Eiríkur R Eiríksson
- 2013 – Lúðvík Már Matthíasson og Theódór Óskar Þorvaldsson
- 2014 – Emil Gunnarsson og Eiríkur R Eiríksson
- 2015 – Karl Sigurðsson og Guðmundur P. Guðmundsson
- 2016 – Hafsteinn Valdimarsson og Kristján Valdimarsson
- 2017 – Janis Novikovs og Austris Bukovskis

Í kvennaflokki:

- 2004 – Birna Baldursdóttir og Karen Björg Gunnarsdóttir
- 2005 – Birna Baldursdóttir og Karen Björg Gunnarsdóttir
- 2006 – Heiðbjört Gylfadóttir og Þórey Haraldsdóttir

2007 – Heiðbjört Gylfadóttir og Þórey Haraldsdóttir
 2008 – Laufey Björk Sigmundsdóttir og Lilja Jónsdóttir
 2009 – Laufey Björk Sigmundsdóttir og Lilja Jónsdóttir
 2010 – Birna Baldursdóttir og Fríða Sigurðardóttir
 2011 – Fríða Sigurðardóttir og Birta Björnsdóttir
 2012 – Berglind Gígja Jónsdóttir og Elísabet Einarsdóttir
 2013 – Berglind Gígja Jónsdóttir og Elísabet Einarsdóttir
 2014 – Berglind Gígja Jónsdóttir og Elísabet Einarsdóttir
 2015 – Berglind Gígja Jónsdóttir og Elísabet Einarsdóttir
 2016 – Elísabet Einarsdóttir og Matthildur Einarsdóttir
 2017 – Elísabet Einarsdóttir og Matthildur Einarsdóttir

Unglingaflokkar:

U15 stúlkur

2017 – Hekla Hrafnisdóttir og Katla Hrafnisdóttir

U15 piltar

2016 – Gunnar Heimir Ólafsson og Markús Ingi Matthíasson

U-17 piltar:

2011 - Lúðvík Már Matthíasson og Stefán Þór Þorsteinsson (HK)
 2012 - Valgeir Þór Jakobsson og Viktor Emile Gauvrit (UMFA)
 2013 – Lúðvík Már Matthíasson og Theódór Óskar Þorvaldsson (HK)
 2014 – Theódór Óskar Þorvaldsson og Máni Matthíasson (HK)
 2015 - Elías Rafn Ólafsson og Máni Matthíasson (HK)

U-17 stúlkna:

2011 - Elísabet Einarsdóttir og Berglind Gígja Jónsdóttir (HK)
 2012 - Elísabet Einarsdóttir og Berglind Gígja Jónsdóttir (HK)
 2013 – Thelma Dögg Grétarsdóttir og Rósborg Halldórsdóttir (UMFA)
 2014 – Elísabet Einarsdóttir og Matthildur Einarsdóttir (HK)
 2015 - Elísabet Einarsdóttir og Matthildur Einarsdóttir (HK)
 2017 – Eldey Hrafnisdóttir og Elísabet Nhien Yen Huynh (Þróttur R)

U-19 karla:

2016 – Hilmir Berg Halldórsson og Ólafur Örn Thoroddsen

U-19 kvenna:

2016 – Elísabet Einarsdóttir og Matthildur Einarsdóttir
 2017 – Eldey Hrafnisdóttir og Elísabet Nhien Yen Huynh (Þróttur R)

U-21 karla:

2010 - Hafsteinn Valdimarsson og Kristján Valdimarsson (Hamri)

2011 - Ólafur J Júlíusson og Alexander Stefánsson (HK)
 2012 - Valgeir Þór Jakobsson og Viktor Emile Gauvrit (UMFA)
 2013 – Lúðvík Már Matthíasson og Theódór Óskar Þorvaldsson (HK)
 2014 – Theódór Óskar Þorvaldsson og Máni Matthíasson (HK)
 2015 – Viktor Emile og Máni Matthíasson (UMFA / HK)

U-21 kvenna:

2010 - Hjördís Eiríksdóttir og Fjóla Rut Svavarsdóttir (Stjarnan/Þróttur)
 2011 - Birta Björnsdóttir og Helena Kristín Gunnarsdóttir (HK / Þróttur N)
 2012 - Hjördís Eiríksdóttir og Steinunn Helga Björgólfsdóttir (Stjarnan / HK)
 2013 – Elísabet Einarsdóttir og Berglind Gígja Jónsdóttir (HK)
 2014 – Elísabet Einarsdóttir og Berglind Gígja Jónsdóttir (HK)
 2015 – Elísabet Einarsdóttir og Berglind Gígja Jónsdóttir (HK)

Landslið í strandblaki frá upphafi og mót:

2005 – Smáþjóðaleikar í Andorra

Einar Sigurðsson og Brynjar J Pétursson

2007 – Smáþjóðaleikar í Monaco

Karl Sigurðsson og Brynjar J Pétursson

Heiðbjört Gylfadóttir og Þórey Haraldsdóttir (3. Sæti)

2009 – Smáþjóðaleikar á Kýpur

Einar Sigurðsson og Brynjar J Pétursson

Laufey Björk Sigmundsdóttir og Lilja Jónsdóttir

2010 - Undankeppni Ólympíuleika á Kanarý

Emil Gunnarsson og Orri Þór Jónsson

Einar Sigurðsson og Róbert Karl Hlöðversson

Birna Baldursdóttir og Fríða Sigurðardóttir

Lilja Jónsdóttir og Karen Björg Gunnarsdóttir

2011 – Smáþjóðaleikar í Liechtenstein

Einar Sigurðsson og Róbert Karl Hlöðversson

Laufey Björk Sigmundsdóttir og Birna Baldursdóttir

2013 – Smáþjóðaleikar í Luxemborg

Emil Gunnarsson og Eiríkur R Eiríksson

Laufey Björk Sigmundsdóttir og Lilja Jónsdóttir

2014 – Undankeppni Ólympíuleika í Portúgal

Elísabet Einarsdóttir og Berglind Gígja Jónsdóttir

Birna Baldursdóttir og Birta Björnsdóttir

Lúðvík Már Matthíasson og Theódór Óskar Þorvaldsson
Kristján Valdimarsson og Hafsteinn Valdimarsson

2014 – Undankeppni Ólympíuleika í Danmörku

Elísabet Einarsdóttir og Berglind Gígja Jónsdóttir
Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir og Thelma Dögg Grétarsdóttir
Lúðvík Már Matthíasson og Theódór Óskar Þorvaldsson
Kristján Valdimarsson og Hafsteinn Valdimarsson

2015 – Smáþjóðaleikar á Íslandi

Elísabet Einarsdóttir og Berglind Gígja Jónsdóttir
Orri Þór Jónsson og Einar Sigurðsson

2017 – Smáþjóðaleikar í San Marino

Matthildur Einarsdóttir og Heiða Elísabet Gunnarsdóttir
Valgeir Valgeirsson og Benedikt Rúnar Valtýsson

Unglingalandslið í strandblaki frá upphafi og mót:

2011 – NEVZA U-19 í Noregi

Elísabet Einarsdóttir og Berglind Gígja Jónsdóttir
Hjördís Eiríksdóttir og Helena Gunnarsdóttir

2013 – Undankeppni Ólympíuleika unglunga í Berlín

Elísabet Einarsdóttir og Thelma Dögg Grétarsdóttir
Lúðvík Már Matthíasson og Theódór Óskar Þorvaldsson

2013 – NEVZA U-19 í Noregi

Elísabet Einarsdóttir og Berglind Gígja Jónsdóttir (1. Sæti)
Lúðvík Már Matthíasson og Theódór Óskar Þorvaldsson

2014 – Evrópumót unglunga á Ítalíu

Elísabet Einarsdóttir og Berglind Gígja Jónsdóttir

2015 – Evrópumót U-22 í Portúgal

Elísabet Einarsdóttir og Berglind Gígja Jónsdóttir

Lokaorð

Ný strandblaknefnd tók til starfa í haust og hefur nú skipulagt og auglýst mótaröðina fyrir sumarið 2018 á heimasíðu BLÍ, www.bli.is/strandblak. Aðstaðan til iðkunar strandblaks fer batnandi á þeim stöðum sem eru þegar til. Má þar helst nefna stækkun svæðisins í Kjarnaskógi við Akureyri og bætta aðstöðu við aðra velli eins og við Laugardalslaugina.

Landsliðsmál í strandblaki eru í lamasessi á Íslandi og þarf landsliðsnefnd BLÍ að skoða betur þau mál með stjórn BLÍ en úti í hinum stóra heimi eru tækifæri fyrir alla í íþróttinni.

Inniaðstöðu vantar sárlega til að íþróttin fái að vaxa og dafna enn frekar, þannig að hægt sé að stunda íþróttina allt árið um kring. Þó væri nú gaman að sjá Snjóblak koma inn sem íþróttagrein á Íslandi en þar er leikið eftir leikreglum strandblaks.

Fyrir hönd Strandblaknefndar BLÍ

Sævar Már Guðmundsson, framkvæmdastjóri BLÍ

Skýrsla landsliðsnefndar

Landsliðsnefnd BLÍ skipa Stefán Jóhannesson, formaður, Kristján Geir Guðmundsson, Ásta Sigrún Gylfadóttir, Guðrún Kristín Einarsdóttir og Þórey Haraldsdóttir. Mundína Ásdís Kristinsdóttir sagði sig frá nefndarstörfum en hefur þó aðstoðað við sjúkráþjálfaramálin. Nefndin starfaði bæði með formlegum og óformlegum hætti. Meginverkefni nefndarinnar er stefnumótun fyrir A- landsliðin, ráðning landsliðsþjálfara og aðstoð og umsýsla við landsliðsverkefni innandyrna sem utan. Einnig er undir hatti nefndarinnar að halda utan um unglingalandsliðsmál.

Á starfsárinu voru fjölmörg landsliðsverkefni sem þurfti að sinna. Helst ber að nefna þátttöku A landsliðanna í 2. umferð undankeppni HM, Smáþjóðaleikum og úrslitum EM smáþjóða. Auk þeirra voru unglingalandsliðin í EM aldursflokkmótum og í NEVZA mótum U17 ára og U19 ára í ICAST og Kettering. Stúlkna landslið U17 fór til Olomouc í Tékklandi í byrjun janúar í Evrópumót en stúlkna lið U19 fór til Cherkasy í Úkraínu viku síðar.

Segja má að árið 2017 hafi verið langstærsta landsliðsár BLÍ frá upphafi. A landslið kvenna spilaði 19 landsleiki á meðan A lið karla spilaði 15 leiki. Alls var farið í 8 keppnir með A landsliðin og 10 keppnir með unglingana. Umsvifin voru gríðarleg og hjálpar sambandinu að vaxa áfram.

Karlalandsliðið í blaki

Rogério Ponticelli þjálfaði karlalandsliðið síðastliðið vor. Liðið var á leið í sitt stærsta verkefni, 2. umferð undankeppni HM í Lyon í Frakklandi. Aðstoðarþjálfarinn ákvað að hætta eftir NOVOTEL mótið um áramótin og voru þau Michael Pelletier og Rosilyn Rae Cummings ráðin í hans stað.

Lítill tími gafst í undirbúning fyrir fyrsta verkefnið sem var úrslit EM Smáþjóða í Laugardalshöllinni í Reykjavík. Mótið byrjaði 12. maí með leik gegn Luxemborg. Tap var staðreynd 3-1. Ísland sigraði N.Írland daginn eftir nokkuð auðveldlega 3-0. Í lokaleik mótsins spilaði Ísland við Kýpur en tapaði því einnig 3-1.

Úrslit leikja EM Smáþjóða 12.-14. maí 2017

12.5.2017	Ísland-Luxembourg	Reykjavík	Úrslit EM SCD	1-3	15-25,19-25,25-22,12-25
13.5.2017	N.Írland-Ísland	Reykjavík	Úrslit EM SCD	0-3	20-25,18-25,9-25
14.5.2017	Kýpur-Ísland	Reykjavík	Úrslit EM SCD	3-1	25-22,25-16,25-27,25-11

Liðsmenn: Kjartan Fannar Grétarsson, Lúðvík Már Matthíasson, Kristján Valdimarsson, Felix Þór Gíslason, Arnar Birkir Björnsson, Theódór Óskar Þorvaldsson, Hafsteinn Valdimarsson, Stefán Gunnar Þorsteinsson, Róbert Karl Hlökkversson, Ævarr Freyr Birgisson, Máni Matthíasson, Andreas Hilmir Halldórsson, Benedikt Baldur Tryggvason, Magnús Ingvi Kristjánsson.

Þjálfarar: Rogério Ponticelli og Michael Pelletier og Rosilyn Rae Cummings

Sjúkráþjálfari: Þóra Hugsdóttir

Liðsstjóri: Valdimar Hafsteinsson

Liðið endaði í bronssetinu í Laugardalshöllinni í Reykjavík sem var ágætt veganesti í áframhaldið. Kristján Valdimarsson var valinn í lið mótsins sem miðjumaður. Luxemborg varð Evrópumeistari Smáþjóða 2017 og Kypur endaði í 2. sæti.

Önnur umferð undankeppni HM fór fram í Lyon í Frakklandi en með Íslandi í riðli voru lið Frakklands, Þýskalands, Azerbaijan, Tyrklands og Úkraínu. Þetta var í fyrsta sinn sem karlalandsliðið mætti þessum stórþjóðum á blakvöllinum og vannst því miður ekki hrina í mótinu. Allir komu þeir reynslunni ríkari úr mótinu.

Úrslit leikja í 2.umferð undankeppni HM í Lyon 24.-28. maí 2017

24.5.2017	Ísland-Frakkland	Lyon	Undank.HM	0-3	8-25,8-25,14-25
25.5.2017	Ísland-Tyrkland	Lyon	Undank.HM	0-3	18-25,23-25,17-25
26.5.2017	Þýskaland-Ísland	Lyon	Undank.HM	3-0	25-12,25-12,25-14
27.5.2017	Ísland-Úkraína	Lyon	Undank.HM	0-3	12-25,19-25,15-25
28.5.2017	Azerbajjan-Ísland	Lyon	Undank.HM	3-0	25-16,25-17,25-20

Liðsmenn: Kjartan Fannar Grétarsson, Lúðvík Már Matthíasson, Kristján Valdimarsson, Felix Þór Gíslason, Arnar Birkir Björnsson, Theódór Óskar Þorvaldsson, Hafsteinn Valdimarsson, Stefán Gunnar Þorsteinsson, Róbert Karl Hlöðversson, Ævarr Freyr Birgisson, Máni Matthíasson, Andreas Hilmir Halldórsson, Benedikt Baldur Tryggvason, Alexander Stefánsson fyrirliði.

Þjálfarar: Rogerio Ponticelli og Michael Pelletier og Rosilyn Rae Cummings

Sjúkraþjálfari: Fríða Brá Pálsdóttir

Liðsstjóri: Valdimar Hafsteinsson

Í framhaldi af mótinu í LYON fór karlalandsliðið áleiðis til Bologna á Ítalíu og þaðan til San Marino á Smáþjóðaleikana. Það er mót sem liðið þekkir og ætluðu menn að gera eins vel á og á síðustu Smáþjóðaleikum á Íslandi þegar liðið hafnaði í 2. sæti.

Á Smáþjóðaleikunum átti liðið hinsvegar erfitt uppdráttar og náði ekki að sýna sitt rétta andlit. Aðeins unnust þjálfari hrinur í fjórum leikjum á Smáþjóðaleikunum og endaði liðið því í 5. sæti.

Úrslit leikja í 2.umferð undankeppni HM í Lyon 24.-28. maí 2017

30.5.2017	Ísland-Kypur	San Marino	Smáþjóðaleikar	1-3	24-26,11-25,25-21,17-25
31.5.2017	Luxemborg-Ísland	San Marino	Smáþjóðaleikar	3-0	25-21,25-19,25-15
1.6.2017	Mónakó-Ísland	San Marino	Smáþjóðaleikar	3-1	22-25,25-21,25-16,25-15
2.6.2017	San Marino-Ísland	San Marino	Smáþjóðaleikar	3-1	22-25,29-27,25-12,25-16

Liðsmenn: Kjartan Fannar Grétarsson, Lúðvík Már Matthíasson, Kristján Valdimarsson, Arnar Birkir Björnsson, Theódór Óskar Þorvaldsson, Hafsteinn Valdimarsson, Róbert Karl Hlöðversson, Ævarr Freyr Birgisson, Máni Matthíasson, Andreas Hilmir Halldórsson, Benedikt Baldur Tryggvason, Alexander Stefánsson fyrirliði.

Þjálfarar: Rogerio Ponticelli og Michael Pelletier og Rosilyn Rae Cummings

Sjúkraþjálfari: Kristín B Reynisdóttir

Liðsstjóri: Kristján Geir Guðmundsson

Eftir Smáþjóðaleika þurfti að endurskoða ráðningu landsliðsþjálfara. Með haustinu var nýr þjálfari ráðinn, belginn Christophe Achten. Með honum verður Massimo Pistoia en undirbúningur fyrir verkefni ársins er þegar kominn á fullt. Reiknað er með að æfingar hefjist um miðjan maí og verði í allt sumar enda tveggja vikna landsleikjatórn um miðjan ágúst.

Verkefni árið 2018

- ✓ Liðið spilar í Evrópukeppni karlalandsliða í fyrsta sinn. Leikið er í riðlum heima og heiman og er liðið í riðli með Svartfjallalandi, Slóvakíu og Moldóvum.

- ✓ Liðið spilar 4 leiki í ágúst á þessu ári og svo 2 leiki í janúar árið 2019

Kvennalandsliðið í blaki

Starfsliðið í kringum kvennalandsliðið var svo til óbreytt með Daniele Mario Capriotti í fararbroddi. Liðið fór í æfingaferð til Ítalíu um páskana, eða frá 10.-16. apríl 2017 sem var upphafið af stærsta ári sögunnar hjá landsliðinu. Liðið vann Pasqual Challenge að þessu sinni en liðið spilaði gegn San Marino, Liechtenstein og Skotlandi. Aðstoðarþjálfarar Daniele eru Emil Gunnarsson og Francesco Napoletano en Ólafur Jóhann Júlíusson sá um tölfræðigreiningu fyrir liðið í öllum verkefnum. Rétt áður en liðið fór til Varsjár í Póllandi spilaði liðið tvo vináttulandsleiki við Dani sem enduðu báðir 3-0 fyrir þær dönsku.

Úrslit leikja í 2.umferð undankeppni HM í Varsjá 23.-28. maí 2017

23.5.2017	Serbía-Ísland	Varsjá	Undank.HM	3-0	25-13,25-15,25-9
24.5.2017	Pólland-Ísland	Varsjá	Undank.HM	3-0	25-16,25-5,25-18
25.5.2017	Ísland-Tékkland	Varsjá	Undank.HM	0-3	6-25,7-25,13-25
27.5.2017	Kýpur-Ísland	Varsjá	Undank.HM	3-0	25-20,26-24,25-21
28.5.2017	Ísland-Slóvakía	Varsjá	Undank.HM	0-3	11-25,21-25,11-25

Liðsmenn: Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir fyrirliði, Hjördís Eiríksdóttir, Fjóla Rut Svavarsdóttir, Rósa Dögg Ægisdóttir, Karen Björg Gunnarsdóttir, Ásthildur Gunnarsdóttir, Birta Björnsdóttir, Elísabet Einarsdóttir, Fríða Sigurðardóttir, Steinunn Helga Björgólfsdóttir, Erla Rán Eiríksdóttir, Thelma Dögg Grétarsdóttir, María Rún Karlsdóttir, Berglind Gígja Jónsdóttir.

Þjálfarar: Daniele Mario Capriotti, Emil Gunnarsson og Francesco Napoletano

Sjúkrapjálfi: Mundína Ásdís Kristinsdóttir

Liðsstjóri: Berglind Valdimarsdóttir

Leikgreinandi: Ólafur Jóhann Júlíusson

Í framhaldinu af mótinu í Varsjá var haldið áfram til Bologna á Ítalíu og þaðan til San Marino á Smáþjóðaleikana. Liðið kom seint til San Marino eftir miklar tafir á hraðbrautinni á Ítalíu en komst að lokum á klettinn og í mótið. Eftir erfitt tap í fyrsta leik gegn Kýpur vannst leikur gegn San Marino og Möltu. Aftur tapaði Ísland á þriðja degi og nú gegn Luxembourg. Sigur í lokaleik liðsins gegn Liechtensteindugði ekki til að komast á verðlaunapall og endaði liðið í 4. sæti Smáþjóðaleikanna.

Úrslit leikja á Smáþjóðaleikunum í San Marino 30. maí -3. júní 2017

30.5.2017	Ísland-Kýpur	San Marino	Smáþjóðaleikar	1-3	22-25,25-22,22-25,14-25
31.5.2017	San Marino-Ísland	San Marino	Smáþjóðaleikar	2-3	21-25,25-20,25-20,16-25,7-15
